Ed. **41. Tillaga**

til þingsályktunar um atkvæðagreiðslu um að nema úr gildi lög nr. 44 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi.

Flutningsmenn: Guðjón Guðlaugsson, Stefán Stefánsson, Þórarinn Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á stjórnarráðið, að láta fara fram leynilega atkvæðagreiðslu allra Alþingiskjósenda á landinu um það, hvort nema skuli úr gildi lög nr. 44, 30. júlí 1909, um aðflutningsbann á áfengi. Atkvæðagreiðsla þessi fari fram í sveitum á næstu hausthreppskilaþingum, en í kaupstöðum 1. vetrardag næstkomandi.